REGLUR

ríkisskattstjóra um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

1. gr.

Birting stjórnsýsluviðurlaga

Samkvæmt 53. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skal birta opinberlega á vefsíðu Skattsins öll stjórnsýsluviðurlög, sem ákveðin eru í samræmi við 46. - 47. gr. og 50. gr. laga nr. 140/2018. Með stjórnsýsluviðurlögum samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum er átt við; stjórnvaldssektir, sáttir og brottvikningu stjórnar og framkvæmdastjóra,

Birting skal vera með sama hætti og greinir í 1. mgr. ef mál hefur verið höfðað til ógildingar á ákvörðun um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og niðurstöður málsins.

2. gr.

Tilgangur birtingar

Tilgangur með birtingu á ákvörðunum sem lúta að viðurlögum samkvæmt lögunum er tvíþættur. Annars vegar að veita brotlegum aðila aukið aðhald og hins vegar að hafa almenn varnaðaráhrif þar sem upplýsingar um brot, eðli þess og tegund ásamt birtingu á nafni þeirra sem gerst hafa brotlegir er til þess fallið að hafa áhrif á orðspor og trúverðugleika þeirra sem sætt geta sektum og birtingu. Ennfremur varpar birting ljósi á stjórnsýsluframkvæmd og er til þess fallin að auka gagnsæi á málsmeðferð hjá embættinu.

Þess er vænst að þeir aðilar sem lúta eftirliti embættisins yfirfari starfshætti sína með hliðsjón af birtum ákvörðunum í málum eftir því sem við á.

3. gr.

Mat á birtingu

Ákvarðanir í málum þar sem viðurlögum hefur verið beitt skulu birtar ef birting er talin samræmast tilgangi 53. gr. laganna og þjóna almennum hagsmunum á þeim vettvangi sem eftirlitsskildir aðilar, skv. l.- s. lið 2. gr. laga nr. 140/2018, starfa á.

4. gr.

Birting

Viðurlagaákvarðanir eru birtar á grundvelli laga nr. 140/2018 á vefsíðu Skattsins, (http://www.skatturinn.is).

5. gr.

Tímasetning birtingar

Birting skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir að brotlegum aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun um viðurlög.

Heimilt er að fresta eða falla frá birtingu ef birting veldur hlutaðeigandi aðila tjóni sem ekki er talið í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir eða birtingin verður talin stefna rannsóknarhagsmunum í hættu. Við slíkar aðstæður getur embættið valið um eftirfarandi leiðir:

a. fresta birtingu þar til aðstæður 2. mgr. eru ekki lengur fyrir hendi,
b. birta upplýsingar um beitingu viðurlaga en fresta nafngreiningu þar til aðstæður skv. 2. mgr. eru ekki lengur fyrir hendi
c. ekki birta neinar upplýsingar ef réttmæti fyrir birtingu ákvörðunarinnar, samanborið við þá hagsmuni sem um ræðir, er minni háttar.

6. gr.

Efni birtingar

Við birtingu ákvörðunar skal tilgreina að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

a. Tegund og eðli brots,
b. nafn þess lögaðila eða einstaklings sem viðurlagaákvörðun beinist að og
c. fjárhæð sektar.

Nöfn aðila, sem ekki lúta eftirliti Skattsins, eru að jafnaði ekki birt nema það hafi sjálfstæða þýðingu að birta nöfn hlutaðeigandi og það sé mat embættisins að hagsmunir um birtingu vegi þyngra en hagsmunir af nafnleynd.

7. gr.

Réttur til að koma að sjónarmiðum

Þegar ákvörðun stjórnvaldssektar er boðuð skal samhliða kynna um birtingu viðurlaga. Aðila skal boðið að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um hvort viðkomandi telji að takmarka beri birtinguna í heild eða að hluta í samræmi við 4. gr.

Telji aðili að birting viðurlaga valdi tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir skal hlutaðeigandi aðili sýna fram á líklegt tjón sem birting kunni að valda. Leggja ber mat á það hvort vegi þyngra, hagsmunir hlutaðeigandi aðila af því að ákvörðun um viðurlög verði ekki birt eða hagsmunir almennings og viðskiptalífsins af birtingu þeirra.
Sé fallist á sjónarmið aðila og gerðar viðeigandi breytingar er hlutaðeigandi aðila að jafnaði ekki boðið að koma á framfæri sjónarmiðum sínum á ný og ef sú er niðurstaðan skal hún koma fram í sektarákvörðun.

Sé ekki fallist á sjónarmið aðila skal sú ákvörðun rökstudd og birt þeim sem gerð er sekt samhliða birtingu ákvörðunar.

8. gr.

Tímalengd birtingar

Upplýsingar sem eru birtar samkvæmt 53. gr. laga nr. 140/2018 skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Skattsins í að lágmarki fimm ár.

Skatturinn skal afmá persónugreinanlegar upplýsingar ef áframhaldandi birting þeirra byggir ekki á málefnalegum ástæðum samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga.

9. gr.

Kæruheimild

Aðili sem sætir viðurlögum af hálfu Skattsins á grundvelli laga nr. 140/2018 er heimilt að höfða mál til ógildingar á ákvörðun Skattsins fyrir dómstólum. Hafi aðili borið ákvörðun Skattsins undir dómstóla skal tilgreina á vefsíðu embættisins að höfðað hafi verið mál til ógildingar ákvörðuninni og upplýsingar um niðurstöðu dómsmálsins þegar hún liggur fyrir.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 53. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, öðlast gildi við birtingu.

Skattinum, 30. júní 2020

ríkisskattstjóri